

■ Mikilli aukningu spáð í framleiðsluverðmæti fiskeldis

# Tvöföldun á næstu fimm til sjö

Talið er að tvöfalda megi framleiðsluverðmæti í fiskeldi á Íslandi á næstu fimm árum eða svo. Því er spáð að verðmæti í fiskeldi nái um 10 milljörðum króna á árunum 2015 til 2017.

KJARTAN STEFÁNSSON  
kjartan@fiskifrettir.is

Jón Kjartan Jónsson, framkvæmdastjóri fiskeldis Samherja og formaður Landssambands fiskeldisstöðva, flutti nýlega erindi um tækifæri til verðmætasköpunar í fiskeldi á sjávarútvegsráðstefnunni „Hafsjór tækifæra“.

Helstu eldistegundir Íslendinga eru bleikja, þorskur og lax. Laxinn var dottinn út úr eldi á tímabili en er að koma inn aftur. Eins og sjá má í meðfylgjandi súluriti var gríðarlegur vöxtur í laxeldi á árunum 2003-2006 en framleiðslan hrundi þegar hætt var við áform um stórfellda uppbyggingu laxeldis í sjókvívum í nokkrum fjórðum fyrir austan sem kunnugt er.

#### 10 milljarðar 2015/2017

Fram kom hjá Jóni Kjartani að framleiðsla í fiskeldi á Íslandi á árinu 2009 hefði numið um 5 þúsund tonn og var heildarverðmætið um 3 milljarðar króna. Hann gerði ráð fyrir því að í ár yrði framleiðslan tæp 6 þúsund tonn að verðmæti 5 milljarðar.

Því er svo spáð að næstu 5-7 árin verði framleiðslan komin í rúm 12 þúsund tonn að verðmæti um 10 milljarðar króna

miðað við verðlag í dag. Hér er um tvöföldun á verðmæti frá árinu í ár að ræða og ríflega þreföldun miðað við árið 2009.

Ef litið er á bleikju sérstaklega, en hún er alin í landstöðvum, er gert ráð fyrir að framleiðslan í ár verði 3.500 tonn. Sé reiknað með um 10% aukningu á ári næsta áratug, eins og gert er í stefnumótun Landssambands fiskeldisstöðva, þá má ætla að framleiðsla á eldisbleikju verði komin í um 9 þúsund tonn árið 2020.



Jón Kjartan Jónsson.

“

Sé reiknað með um 10% aukningu á ári næsta áratug, eins og gert er í stefnumótun Landssambands fiskeldisstöðva, þá má ætla að framleiðsla á eldisbleikju verði komin í um 9 þúsund tonn árið 2020.



Seiðaeldi hjá Íslandslaxi.



Eldisbleikja slægð í Silfurstjörnunni.

# Árum

## Bleikjan á traustum grunni

Eldi á bleikju hefur vaxið jafnt og þétt undanfarin ár og segja má að hún sé sú eldistegund sem hvíli á hvað traustustum grunni. Jón Kjartan Jónsson sagði í samtali við Fiskifréttir að spá um vöxt í bleikjueldi á næstu árum væri byggð á stefnumörkun Landssambands fiskeldisstöðva og upplýsingum frá helstu aðilum í bleikjueldi. Þær forsendur sem menn gefa sér eru þær fyrst og fremst að stöðvar sem fyrir eru í landinu verði fullnýttar og stækkaðar að því marki sem hagkvæmt er með tilliti til markaða og aðgengi að góðu vatni.

„Við gerum einnig ráð fyrir að þorskeldi aukist en þar er fyrst og fremst verið að sinna rannsóknun og þróun samhliða framleiðslu. Helstu viðfangsefni þar eru líffræðilegs


“

Við verðum að hafa í huga að til að byggja upp fiskeldi þarf mikið fjármagn, tíma og mikla þolinmæði. Í þessum efnum er sígandi lukka best

eðlis og það mun væntanlega taka töluverðan tíma að finna bestu líffræðilegar lausnir í þorskeldi og byggja samhliða eldið upp tæknilega. Hins vegar höfum við fjölmargt til að bera sem styrkir þorskeldið svo sem þekkingu á markaði fyrir þorskafurðir og mikla reynslu af vinnslu á hágæðaafurðum,“ sagði Jón Kjartan.

## Framleiðsla í íslensku fiskeldi

14 þúsund tonn



### Áhugi á laxeldi vaknar á ný

Eftir að laxeldi í sjókvímum fyrir austan var hætt voru Samherji og Rifós um tíma einu aðilarinnir sem stunduðu laxeldi hér á landi.

Fram kom hjá Jóni Kjartani að aðstæður á mörkuðum fyrir laxaafurðir væru nú mjög góðar og verð á eldislaxi hefði aldrei verið hærra. Því hefði verið ákveðið að auka landeldi Samherja á laxi í Öxarfirði og stefnt sé á að framleiða yfir 1000 tonn þar á árinu 2011. Engin áform væru hins vegar uppi í dag um að hefja eldi í sjókvímum á ný.

Í ár hóf Fjarðalax ehf. síðan laxeldi í sjókvímum í Tálkna-firði. Nú þegar hefur lax verið settur út í sjókvíar og hafinn er framleiðsla á laxaseiðum til útsetningar vorið 2011. Jón Kjartan sagði að af þessum ástæðum væri fyrirsjáanleg töluverð aukning í laxeldi hér á landi á næstu árum.

### Betri aðstæður í Noregi

Eldislax er mikilvægasta útflutta sjávarafurðin frá Noregi. Jón Kjartan var spurður hver lykillinn væri að velgengi Norðmanna í sjókvíeldi á laxi. „Aðstæður í Noregi eru mun betri en hér við land. Þar er

hlýrri sjór, hagstæðari straumar, meira dýpi og síðast en ekki síst skjólsælli firðir. Ennfremur er gríðarlega mikilvægt að þekkingariðnaðurinn í Noregi styður mjög vel við bakið á þessari atvinnugrein og Norðmenn hafa haft góðan aðgang að fjármagni.“

### Hentuð fyrir landstöðvar

Jón Kjartan var í lokin spurður um kosti Íslands sem fiskeldislandi. „Ísland er hentugt til að ala fisk í landstöðum þar

sem hér eru mikil vatnsgæði og auðveldur aðgangur að góðu vatni. Hér eru sumstaðar ágæt- ar aðstæður til sjókvíeldis og sjór hefur verið að hlýna seinni árin. Strandlengjan hér er þó ekki það stór til að sjókvíeldi í mjög stórum skala eins og við sjáum í Noregi sé mögulegt. Við verðum að hafa í huga að til að byggja upp fiskeldi þarf mikið fjármagn, tíma og mikla þolinmæði. Í þessum efnum er sígandi lukka best,“ sagði Jón Kjartan Jónsson.



Þorskeldi í sjókvímum fyrir vestan.

Veidarfæri  
eru  
okkar fag



**MAGNET**  
G.U.L.T  
Sterkt pokanet



**Endi sem  
endist**

**HAMPIÐJAN**

[www.hampidjan.is](http://www.hampidjan.is)

Skarfagörðum 4, 104 Reykjavík Sími: 530 3350